



UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA

Dagsetning: 14. ágúst 2025

I. GILDISSVIÐ

Stefna þessi nær til allrar starfsemi Betri samgangna, þ.e. Borgarlínunnar, stofnvegaframkvæmda, hjóla- og göngustíga, umferðarstýringar og tengdra framkvæmda, uppbyggingar Keldnalandins og álagningar flýti- og umferðargjalda.

II. TILGANGUR

Tilgangur stefnu þessarar er að lágmarka markvisst áhrif af starfsemi Betri samgangna á umhverfi og loftslag.

III. FRAMTÍÐARSÝN

Betri samgöngur stefna á að bæta umhverfið, vera hluti af kolefnishlutlausu samfélagi og aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga. Vinna markvisst í takt við markmið eigenda félagsins um kolefnishlutlaust Ísland 2040 og kolefnishlutlaust höfuðborgarsvæði 2035 og innifela aðlögun að loftslagsbreytingum í starfseminni. Styðja jafnframt við þátttöku Reykjavíkurborgar í samstarfi um 112 kolefnishlutlausar borgir árið 2030.

IV. MARKMIÐ

Markmið Betri samgangna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá samgöngum á höfuðborgarsvæðinu og starfsemi félagsins. Betri samgöngur ætla m.a. að:

- Byggja upp innviði sem auðvelda íbúum og gestum höfuðborgarsvæðisins að nýta vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta. Styðja með innviðaupbyggingu og fyrirhugaðri gjalddöðu við bættu orkunýtni og breytingar á ferðavenjum sem draga úr umhverfisáhrifum samgangna.
- Huga að umhverfismálum við innkaup og í útboðum með því að leita vistvænna lausna, setja viðeigandi umhverfiskröfur og kalla eftir upplýsingum frá birgjum og verktökum um kolefnisspor, úrgangsmýndun og önnur umhverfisáhrif.
- Tryggja að aðlögun að loftslagsbreytingum sé innifalin í verkefnum fyrirtækisins.

V. AÐGERÐARÁÆTLUN

Til að ná markmiðum umhverfis- og loftslagsstefnu munu Betri samgöngur grípa til eftirtalinna aðgerða:

- Meta áhrif verkefna á þróun losunar gróðurhúsalofttegunda til lengri tíma.
- Meta kolefnisspor og staðbundin áhrif stærri verkefna á loftgæði og hljóðvist.
- Koma á markvissu samstarfi við eigendur og aðra opinbera aðila um samræmdar umhverfis- og loftslagskröfur í útboðum m.a. með hliðsjón af kröfum við græna fjármögnun verkefna.
- Þjóða starfsfólki upp á samgöngusamninga. Hvetja starfsfólk til að nota umhverfisvæna ferðamáta til og frá vinnu og á vinnutíma. Leggja áhersla á að starfsfólk noti fjarfundi, eins og mögulegt er, vegna funda við utanaðkomandi aðila.
- Flokka úrgang til endurnotkunar og endurvinnslu.



**BETRI
SAMGÖNGUR**

- Leita leiða til að draga úr orkunotkun og notkun heits vatns.
- Miðla reglulega upplýsingum um árangur Betri samgangna í umhverfismálum

VI. EFTIRFYLGN

Stefna og aðgerðaáætlun þessi skal rýnd og endurmetin a.m.k. á hverju ári. Árangur verður mældur árlega og upplýsingum miðlað á vef félagsins samhliða birtingu ársskýrslu.